

**Sp.**

**563. Tillaga til þingsályktunar**

[264. mál]

um húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir,  
Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Lilly Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að leita nú þegar leiða til að leysa húsnæðisvanda aðstandenda sjúklinga sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum.

**Greinargerð.**

Flestir verða einhvern tíma á ævinni fyrir því að veikjast alvarlega eða að einhver þeim nákominn þurfi á lækni meðferð og sjúkrahúsvist að halda. Slíkt er nógu erfitt í sjálfu sér þótt ekki bætist við langar fjarvistir frá heimili, húsnæðisvandi, aðskilnaður fjölskyldu, vinnutap, launamissir og margháttuð fjárútlát, m.a. vegna tvöfalds heimilishalds, barnagæslu, ferðalaga o.s.frv.

Þetta er því miður reynsla margra, sérstaklega íbúa landsbyggðarinnar, sem þurfa að sækja sérhæfða lækniþjónustu til Reykjavíkur. Slík reynsla er ævinlega þungbær og oft mjög dýr þar sem aðstoð af hálfu samfélagsins er af mjög skornum skammti.

Sumpart má leysa vanda þessa fólks gegnum tryggingalöggjöfina og er gerð tillaga um það í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar á þskj. 562. Hins vegar þarf engin lög til þess að leysa húsnæðisvanda þeirra sem hér um ræðir. Til þess þarf aðeins vilja, samvinnu og framkvæmdir.

Kanna þarf hversu marga um er að ræða til jafnaðar sem þurfa á húsnæði að halda af þessum sökum. Á grundvelli slíkrar könnunar þarf að tryggja að alltaf sé til reiðu húsnæði sem aðstandendur sjúklinga geti fengið leigt á góðum kjörum svo að þeir þurfi a.m.k. ekki að vera þjakaðir af húsnæðisáhyggjum til viðbótar við alla aðra erfiðleika.

Flutningsmenn telja edlilegt að heilbrigðisráðuneytið leiti samstarfs við Samband íslenskra sveitarfélaga og Rauða kross Íslands um lausn þessa vanda og æskilegast væri að koma upp húsnæði sem næst Landspítalanum sem aðstandendur sjúklinga utan af landi gætu gengið að sem vísu. Vísir að slíku er fyrir hendi í lítilli íbúð í grennd við Landspítalann þar sem foreldrar krabbameinssjúkra barna geta fengið tímabundið húsaskjól. Sjúkrahótel Rauða krossins hefur hins vegar ekki getað sinnt þessari þörf þar eð sjúklingar hafa þar forgang og eftirspurnin fyrir þá þjónustu er mikil.

Þessu máli var hreyft á síðasta þingi, fyrst með fyrirspurn um aðstoð við foreldra veikra barna sem svarað var í sameinuðu þingi 27. jan. 1987, og síðan með tillögu samhljóða þeirri sem hér er nú borin fram. Sú tillaga varð ekki útrædd, enda þingslit snemma vegna kosninganna í apríl. Eftirgrennslan hefur leitt í ljós að þörfin er enn jafnbrýn.